

S a m k o m u l a g

*milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis,
Velferðarsjóðs barna á Íslandi og Landspítala – háskólasjúkrahúss
um að standa að uppbyggingu
heimilis fyrir langveik og langveik fötluð börn.*

* * * * *

1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun á árinu 2003 hefja rekstur heimilis fyrir 12 langveik og langveik fötluð börn sem þarfnast vistunar án þess að leggjast á sjúkrahús.
2. Börnum sem dveljast á heimilinu skal tryggt heimilislegt umhverfi, hvíld, endurhæfing, hjúkrun, lækningar, önnur meðferð og stuðningur eftir þörfum. Börnin dveljast á heimilinu fyrst og fremst til skemmri tíma (hvíldarinnlagnir) en í einstaka tilvikum til lengri tíma.
3. Ríkið leggur starfseminni til húsið nr. 7 sem nú er hluti af húsnæði Landspítala - háskólasjúkrahúss í Kópavogi.
4. Velferðarsjóður barna leggur til allan kostnað við endurnýjun húsnæðis, húsbúnað og tækjabúnað að upphæð 45 til 50 milljónir króna.
5. Landspítali – háskólasjúkrahús tekur að sér allar nauðsynlegar framkvæmdir við húsnæðið fyrir Velferðarsjóð barna skv. 4. tölulið til undirbúnings starfseminni.
6. Velferðarsjóður barna hefur eftirlit með framkvæmdunum þar til rekstur hefst.
7. Heimilið hefur fengið 20 milljónir króna til að hefja rekstur á árinu 2003 og er fjárveitingin vistuð á sérstökum fjárlagalið. Áætlaður rekstrarkostnaður á ári er u.þ.b. 84 milljónir króna.
8. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hyggst fela Landspítala – háskólasjúkrahúsi rekstur heimilisins á grundvelli samkomulags þessa. Rekstur heimilisins verði aðskilinn frá öðrum rekstri fjárhagslega, en tengist Barnaspítala Hringsins faglega samkvæmt nánara samkomulagi.
9. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar fagråd til þriggja ára til þess að vera stjórnendum til ráðgjafar um fagleg efni fyrstu árin og fylgjast með starfsemi heimilisins. Fagráðið skal skipað fulltrúum frá Velferðarsjóði barna, Barnaspítala Hringsins, Umhyggju, fagdeild barnahjúkrunarfræðinga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Félagi íslenskra barnalækna. Formaður fagráðsins hafi fagþekkingu á sviðinu og verði skipaður af ráðherra án tilnefningar. Jafnframt skipi Landspítali - háskólasjúkrahús innlagnarteymi sem í eiga sæti m.a. barnalæknir og barnahjúkrunarfræðingur starfandi á Barnaspítala Hringsins ásamt faglegum yfirmanni heimilisins.

10. Stefnt er að því að rekstur heimilisins hefjist í september 2003, en undirbúningur hefst við undirritun samkomulags þessa.

Reykjavík, 9. febrúar 2003

.....
Jón Kristjánsson
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

f.h. Landspítala – háskólasjúkrahúss

f.h. stjórnar Velferðarsjóðs barna á Íslandi

.....
Magnús Pétursson
forstjóri

.....
Bjarni Ármannsson
formaður